

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Stafliður a í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi öikumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	3.021	9400-9599	9.155
1000-1999	3.756	9600-9799	9.265
2000-2199	4.083	9800-9999	9.375
2200-2399	4.303	10000-10199	9.488
2400-2599	4.526	10200-10399	9.555
2600-2799	4.744	10400-10599	9.625
2800-2999	4.967	10600-10799	9.690
3000-3199	5.187	10800-10999	9.758
3200-3399	5.406	11000-11199	9.828
3400-3599	5.628	11200-11399	10.079
3600-3799	5.850	11400-11599	10.330
3800-3999	6.068	11600-11799	10.579
4000-4199	6.297	11800-11999	10.831
4200-4399	6.482	12000-12199	11.081
4400-4599	6.670	12200-12399	11.292
4600-4799	6.858	12400-12599	11.501
4800-4999	7.046	12600-12799	11.706
5000-5199	7.232	12800-12999	11.915
5200-5399	7.346	13000-13199	12.126
5400-5599	7.461	13200-13399	12.381
5600-5799	7.576	13400-13599	12.636
5800-5999	7.690	13600-13799	12.891
6000-6199	7.805	13800-13999	13.125
6200-6399	7.879	14000-14199	13.402
6400-6599	7.952	14200-14399	13.604
6600-6799	8.067	14400-14599	13.809
6800-6999	8.140	14600-14799	14.013
7000-7199	8.169	14800-14999	14.217
7200-7399	8.232	15000-15199	14.414
7400-7599	8.297	15200-15399	14.652
7600-7799	8.360	15400-15599	14.881
7800-7999	8.424	15600-15799	15.112
8000-8199	8.552	15800-15999	15.343
8200-8399	8.615	16000-16199	15.572
8400-8599	8.679	16200-16399	15.800
8600-8799	8.743	16400-16599	16.030
8800-8999	8.807	16600-16799	16.260
9000-9199	8.934	16800-16999	16.490
9200-9399	9.046		

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 230 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, öðlast gildi 1. febrúar 1994. Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 167/1993.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúnar Hannesson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1994.

1. gr.

Hafnarfjarðarbæ er heimilt að innheimta sorphirðugjald kr. 2.800, vegna förgunar neysluúrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu fyrir árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytið, 19. janúar 1994

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.